



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

29. janúar 2021

Athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ofl. (niðurdæling koldíoxíðs). 335. mál á 151. þingi.

Heilbrigðiseftirlit Kjörsvæðis gerir ekki efnislega umsögn um efni frumvarpsins en vill gera athugasemd við hvernig þetta er leyst af hendi lagatæknilega.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru grundvallar lög fyrir starfrækslu hollustuverndar og mengunarvarna undir hatti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og Umhverfisstofnunar. Það er mikilvægt að þessi lög haldist eins skýr og einföld og verða má fyrir þær stofnanir sem starfa eftir þeim svo og fyrir atvinnulífið og almenning í landinu. Það er í góðu samræmi við markmið stjórnvalda um einfaldara Ísland að hafa einföld og skýr lög.

Síðasta áratuginn eða svo hefur sigið á ógæfuhliðina með þessi lög. Þegar þau voru sett í núverandi mynd 1998 voru þau 5 bls. og 35 greinar að lengd en eru núna 18. bls og 73. greinar að lengd. Þau hafa blásið út svo um munar og fjalla nú um alskyns óskylda hluti sem er betur fyrir komið í öðrum lögum og oftast en ekki í sérlögum sem fjalla um afmörkuð málefni. Þetta frumvarp er þessu sama marki brennt. Því er lagt til að þetta frumvarp verði endurskoðað og verði ekki að lögum sem breyting á lögum um hollustuhætti heldur verði lagt fram frumvarp að lögum um niðurdælingu koldíoxíðs eða frumvarp að lögum um aðgerðir í loftslagsmálum.

Ennfremur vill heilbrigðiseftirlitið leggja til að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir verði endurskoðuð frá grunni með það að markmiði að óskyld löggjöf sem í lögunum er verði fjarlægð og sett í önnur lög sem betur henta.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson
framkvæmdastjóri